



Áhrif foreldrauppeldis á vandamál barna og unglunga

Auður Jóna Skúladóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áhrif foreldrauppeldis á vandamál barna og unglunga

Auður Jóna Skúladóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Auður Jóna Skúladóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í ritgerðinni er fjallað um hver áhrif foreldrauppeldis eru á vandamál barna og unglunga. Til þess að komast að því hvaða áhrif uppeldið hefur eru fjórar kenningar skoðaðar, þær eru kenning Baumrind, Maccoby og Martin um uppeldishætti, sjálfstjórnarkenning Gottfredson og Hirschi, kenning Braithwaite og Hirschi um félagslegt taumhald og félagsnámskenning Sutherland, Glaiser, Burgess og Akers. Einnig er fjallað um rannsóknir sem studdust við þessar kenningar og sagt frá niðurstöðum þeirra. Að lokum er fjallað um rannsóknir sem nota fleiri en eina kenningu til þess að fara ítarlegra í efnið og sagt frá þeirra niðurstöðum. Kenningarnar varpa ljósi á það að uppeldi hefur mikil áhrif á börn og unglunga og mótar þau fyrir framtíðina en þá er bæði átt við neikvæða og jákvæða mótun. Tengsl, eftirlit, stjórnun og umönnun eru allt veigamiklir þættir í uppeldi sem hafa áhrif á það hvort börn og unglingar taka upp vandamálahegðun, svo sem drykkju, reykingar, vímuefnanotkun, frávíks- og afbrotahæðun.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
1. Inngangur.....	5
2. Almennt um uppeldi	6
3. Uppeldishættir	8
3.1 Uppeldishættir Baumrind, Maccoby og Martin	8
3.2 Rannsókn.....	11
4. Sjálfstjórn.....	12
4.1 Kenning Gottfredson og Hirschi um sjálfstjórn	12
4.2 Rannsóknir	16
5. Félagslegt taumhald.....	19
5.1 Kenningar um félagslegt taumhald	19
5.2 Rannsóknir	21
6. Félagsnámskenningin	23
7. Samanburður rannsókna	24
8. Lokaorð.....	28
Heimildaskrá.....	29

1. Inngangur

Uppeldi hefur lengi verið talið einn áhrifaríkasti þáttur í félagsmótun barna. Íslenskir málshættir og orðatiltæki fjalla oft á tíðum beint og óbeint um uppeldi barna. Má í því samhengi til dæmis nefna „hvað ungur nemur gamall temur“, „betra er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í“, „af náttúrunni eru allir menn eins, en uppeldið gerir þá misjafna“ og „börnin læra það sem fyrir þeim er haft.“ Málhættir og orðatiltök sem þessi sýna að í uppeldinu eiga börn að læra góða siði sem eiga jafnframt að hafa þau áhrif að þau kæmst til manna. Kenningar um uppeldi fjalla um þau mismunandi áhrif sem ólíkar uppeldisaðferðir hafa á börn. Þar má nefna hvernig mismunandi uppeldisaðferðir hafa áhrif á sjálfsstjórn einstaklinga, hvernig félagleg tengsl móta einstaklinga og hvernig frávikshegðun er lærd í gegnum samskipti við aðra einstaklinga. Hér verður reynt að komast að því hver áhrif foreldrauppeldis eru á vandamál barna, eins og drykkju, reykingar, fráviks- og afbrotahæðun.

Með þessari umfjöllun er markmiðið að veita yfirlit yfir nokkrar kenningar sem fjalla um áhrif uppeldis barna og unglunga og varpa ljósi á hver tengsl uppeldis eru við vandamál barna. Fyrst verður fjallað almennt um uppeldi og um uppeldishætti. Þar á eftir verður fjallað um áhrif sjálfsstjórnar einstaklinga á frávikshegðun þeirra. Því næst verður rætt um það hvernig félagsleg tengsl móta einstaklinginn. Að lokum verður fjallað um hvernig einstaklingar mótast í gegnum tengsl við aðra í umhverfinu.

2. Almennt um uppeldi

Uppeldi er að hafa áhrif. Þú stjórnar því sjálfur hvernig áhrif þú hefur á börnin þín. Það er þitt að ákveða hvað þú vilt leggja af mörkum til að stuðla að mótun barna þinna. Hvaða þættir telur þú að sé mikilvægast að mótist hjá þeim? Dugnaður, þekking, færni, álit, geðslag, lífsaðstaða? Niðurstaðan ræðst af því hvað þú telur vera nauðsynlegt og æskilegt fyrir börnin þín og hvaða áhrif þér tekst að hafa á það. Viljir þú hafa þitt að segja, þarftu að ná samstöðu fjölskyldunnar um gildismat ykkar. Við þurfum að leita allra leiða til að forðast neikvæð utanaðkomandi áhrif sem svo sannarlega skora okkur daglega á hólm (Árni Sigfússon, 1993).

Mjög algengt er að börn og unglingar séu dæmd út frá hegðun þeirra frekar en að sagt sé að þau séu vel eða illa upp alin. Fólk virðist ekki vera sammála um það að uppeldi gegni mikilvægu hlutverki í því að móta skapgerð og jafnvel vitsmuni barna og unglunga. Misjafnar skoðanir eru á því hvað sé gott eða slæmt uppeldi. Því eiga foreldrar oft erfitt með að velja sér uppeldisaðferðir sem eru bestar fyrir börnin þeirra (Hörður Þorgilsson og Jakob Smári, 1983). Fólk er sammála um það að börn eigi að hafa góð skilyrði til þroska en ágreiningur er um markmið uppeldis. Áherslurnar sem fólk telur mikilvægar eru misjafnar, til dæmis finnst sumum mikilvægt að börn séu öguð, öðrum finnst mikilvægt að þau séu látin vera afskiptalaus og aðrir yta frekar undir sjálfstæði þeirra heldur en samheldni (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983a).

Síðustu áratugi hafa rannsóknir á barnauppeldi farið að aukast og fólk farið að trúa meira og meira á gildi þeirra. Þrátt fyrir þetta bjóða fræðin ekki upp á endanlega lausn á því hvað skal velja og gera í sambandi við uppeldið. Markmið og aðferðir uppeldis eru ekki mótaðar af einni hugmynd heldur mörgum þáttum sem hvert og eitt foreldri telur að henti barni sínu best (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983a). Mikilvægt er að mikil ástúð og regla sé ríkjandi á heimilinu svo velferð barnsins verði sem best. Barnið á að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar innan heimilisins, svo sem fögnuð, gleði, sorg og vonbrigði. Með þessu lærir barnið að skilja tilfinningar og beina þeim í réttan farveg sem reynist oft erfitt að gera, tilfinningar eins og reiði, ótti, kvíði og sektarkennd. Ekki er ráðlegt að foreldrar deili með börnum sínum öllum þeim tilfinningum sem upp koma yfir til dæmis daginn, heldur leyfi þeim að prófa sig áfram, upplifa sínar eigin tilfinningar og læra að vinna úr þeim. Ástúð einkennist einnig af því að foreldrar aðstoði börn sín

við að taka ákvarðanir, taka afstöðu og læra að færa rök fyrir ákveðnum málum. Þetta þýðir þó ekki að foreldrar eigi að taka ákvarðanir fyrir barnið heldur kenni þeim á þær leiðir sem eru til staðar hverju sinni. Ástúðin felur það einnig í sér að hvert barn er viðurkennt á eigin forsendum þrátt fyrir það hversu ólík vitsmunalega, félagslega og tilfinningalega þau eru. Auk þess felst það í ástúðinni að foreldrar sýni barninu og láti það finna fyrir því að þeim þyki vænt um það og það sé hluti af fjölskyldunni (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983c). Regla og aðhald eru börnum og unglingum jafn mikilvæg og ástúð og umhyggja. Foreldrar mega ekki koma sér undan þessari ábyrgð því grunnur samskipta, sjálfsstjórnar og sjálfsábyrgðar er lagður á heimilinu (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983a).

Sigrún Júlíusdóttir (2001) fjallaði um það að grunnur að góðu gengi á ævinni sé lagður með því að hlúa vel að fyrstu tengslum foreldra og barna, einnig er mikilvægt að bernskuár barnanna og samskipti við foreldra gangi vel og séu góð. Hún segir að nýjustu ungbarnarannsóknir sýna að ungabörn búa yfir miklu meiri hæfni til þroska og mótunar en áður hefur verið vitað og haldið fram. Samskipti foreldra og barna geta haft mikið að segja um tilfinningaþroska og persónuleikaþróun barnsins. Sumir foreldrar eiga mjög auðvelt með að sinna fjölskyldunni og hjónabandinu en aðrir þurfa að læra einbeita sér að því að leggja meiri vinnu í hjónabandið og fjölskylduna. Í dag er til mikið af leiðbeiningarefni, sem og framboð af aðstoð og fræðslu, og virðist sem foreldrar telji að hægt sé að breyta hlutunum þeim í hag (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Það er engin ein leið að því að ala börn rétt upp, þroski barna er misjafn þó svo kringumstæðurnar séu svipaðar. Þroski barns mótast ekki eingöngu af uppeldisaðferðum heldur líka út af skapgerðareinkennum þess og öllum þeim uppeldisskilyrðum sem það býr við (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b). Umhverfispættir sem hafa áhrif á þroska barns eru þeir sem eru varanlegir. Fólk hugsar oft út í ákveðna atburði sem gerast á lífsleið barnsins og telja þá hafa mikil áhrif á barnið í komandi framtíð. Auðvitað er ekki hægt að útiloka áhrif sumra atburða, eins og áföll og slæm atvik, en þau lífsskilyrði sem barnið býr við um langt skeið skipta meira máli fyrir þroska þess og eru mun áhrifagjarnari. Ólíklegt er að afmarkaður atburður, góður eða slæmur, hafi varanleg áhrif. Langvarandi áhrif eru sterkari og áhrifaríkari en þau sem eru skammvinn (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983c). Í sumum rannsóknum

hefur það komið fram að upplausn fjölskyldu, t.d. með skilnaði, fjarveru foreldra og öðrum missi, hafi mikil áhrif og auki hættuna á því að unglingar leiðist út í afbrot (Gorman-Smith, Tolan, Loeber og Henry, 1998). Sumar niðurstöður sýna fram á það að áhrifalaust foreldrauppeldi eða uppeldi foreldra sem hafa lélega félagsfærni getur aukið líkurnar á því að börn muni læra ófullkomna hegðun (e. maladaptive behavior) og óviðeigandi félagsfærni. Þetta getur síðar leitt til frávíks- og afbrotahegðunar. Eðli foreldraaga getur haft bein áhrif á vandamála hegðun í barnæsku ekki aðeins á heimilinu heldur í skólum líka (Church II, Wharton og Taylor, 2009).

Þó svo að áherslur uppeldis séu misjafnar þá er fólk sammála um mikilvægi þess því uppeldi mótar einstaklinginn í gegnum allt lífið (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983a).

3. Uppeldishættir

3.1 Uppeldishættir Baumrind, Maccoby og Martin

Í greininni *Hugmyndir um uppeldi fyrr og nú* er fjallað um þrennskonar nútímauppeldishætti foreldra: leiðandi, skipandi og eftirlátir foreldrar. Leiðandi uppalandi örvar hæfni og hvetur barnið til afreka með því að sýna því umhyggju, ástúð og hlýju, einnig með því að leiðbeina barninu. Skipandi uppalandi niðurlægir og brýtur niður sjálfstraust barnsins. Hann elur upp sviksemi, geðillsku, þrjósku og lygar í barninu. Afskiptalaus uppalandinn gerir ekkert til að þroska barnið og kenna því að takast á við sjálft sig og lífið, heldur skiptir sér ekkert af barninu (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b).

Ein áhrifamesta kenningin um uppeldishætti kemur frá Diönu Baumrind (Bee, 2009). Baumrind fjallaði líka um þrískiptingu uppeldishátta og gerði rannsókn á sambandi þroska barna á forskólaaldri við uppeldisaðferðir foreldra. Í rannsókn sinni skipti Baumrind börnunum í þrjá hópa. Þeim var skipt eftir sjálfstjórn, sjálfstæði, sjálfstrausti og eftir því hversu athugul og vinsamleg þau voru í samskiptum við aðra. Í hópi eitt voru börn sem voru öguð, sjálfstæð, höfðu mikla trú á sér og voru vingjarnleg og samvinnufús. Í hóp númer tvö voru börn sem höfðu einhverja trú á sér, bæld, vansæl en einnig voru þau tortryggin, óvinveitt og vantreystu öðru fólki. Í

Þriðja hópnun voru börn sem höfðu litla sem enga trú á sjálfum sér, voru árásgjörn og þau skorti sjálfsstjórn. Baumrind athugaði fjóra þætti varðandi uppeldishætti foreldra. Þeir voru; 1. Hvernig foreldrar stjórnuðu barninu, 2. Hvernig þroskacröfur foreldrar gerðu til barnsins, t.d. félagslegar, tilfinningalegar og vitsmunalegar. 3. Hvernig samskipti foreldrar áttu við barn sitt og hvernig þeir nýttu sér útskýringar í samskiptum við barnið. 4. Hvort hlýja og hvatning einkenni sambandið milli foreldra og barnsins.

Baumrind skipti síðan foreldrunum í þrjá hópa eftir uppeldisháttum þeirra. Hóparnir voru: leiðandi (e. authoritative) , skipandi/ráðríkir (e. authoritarian) og eftirlátir (e. indulgent) foreldrar. Leiðandi foreldrar eru stjórnsamir og krefjast þess að hegðun barnsins sé þroskuð og skýr mörk eru sett um hvað sé tilhlýðilegt og hvað ekki. Þeir leggja áherslu á umræður við börn sín þar sem fram koma sjónarmið barnanna og foreldranna, þar sem börnin fá að útskýra sín sjónarmið og reglur ákveðnar í sameiningu (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b). Foreldrarnir svara því einnig einstaklingsbundnum þörfum barnsins (Bee, 2009). Foreldrarnir í þessum hópi sýna börnum sínum líka mikla hlýju og hvatningu (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b). Börn sem alast upp hjá leiðandi foreldrum eru með mikið sjálfsálit, eru mjög sjálfstæð og á sama tíma fylgja þau tilmælum foreldra sinna, einnig sýna þau óeigingjarna hegðun. Þau eru full sjálfstrausts, metnaðarfull og gengur vel í skóla (Bee, 2009).

Skipandi/ráðríkir foreldrar eru stjórnsamir og stjórna börnum sínum með boðum og bönnum. Reglum þeirra má ekki andmæla, orð þeirra eru lög sem má alls ekki brjóta og er börnunum refsað fyrir misgjörðir. Skipandi/ráðríkir foreldrarnir sýna börnunum sjaldan hlýju né hvatningu (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b). Börn sem eiga þessa foreldra ganga verr í skóla, eiga léleg samskipti við jafningja sína og eru með lægra sjálfsálit en börn sem eiga foreldra sem eru ekki skipandi/ráðríkir. Sum þessara barna eiga það til að vera bæld og önnur eiga það til að sýna mikla árásgirni eða eitthvað álíka sem gefur það til kynna að þau séu stjórnlaus (Bee, 2009).

Eftirlátir foreldrar skipta sér ekki mikið af börnum sínum og ala þau jafnvel upp í stjórnleysi og miklu frjálssræði, ekki er hugsað út í það að örva sjálfstraust barnanna né sjálfstæði. Fáar reglur eru settar og ekki eru gerðar athugasemdir ef þeim er ekki fylgt eftir. Foreldrarnir gera litlar kröfur um þroskaða hegðun en þeir sýna þó börnum sínum hlýju (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b).

Börn sem alast upp hjá eftirlátum foreldrum gengur illa í skóla á unglingsárunum, eru líkleg til að verða árásgjörn, sérstaklega ef foreldrar þeirra eru umburðarlyndir gagnvart árárhneigð, og eiga það einnig til að vera barnaleg í samskiptum við jafningja og innan skólans. Þessi börn eru líkleg til að hafa enga ábyrgðarkennd og eru mjög ósjálfstæð (Bee, 2009).

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru til dæmis þær að skipandi/ráðríkir foreldrar ættu frekar að líta til aðferða leiðandi foreldra. Þeir ættu frekar að nota útskýringaaðferðina til að segja barninu sínu hvað sé fyrir bestu í staðinn fyrir að stjórna þeim og nota boð og bönn, því betra sé fyrir börnin og foreldra að ákveða í sameiningu hvað sé best fyrir hvern og einn. Einnig er þeim bent á að hlýja og virðing sé mikilvæg fyrir þroska barnanna. Önnur niðurstaða er sú að þau börn sem alin voru upp í miklu frjálsræði skorti sjálfstæði, virkni og þroska. Það virðist því vera að samband sé á milli frjálsræðis, eftirlits, umburðarlyndis, stjórnleysis og afskiptaleysi foreldra og þess að börnin áttu erfitt með að setja sér ákveðin mörk í lífinu. Það gæti verið út af því að börnin fengu óskýrar leiðbeiningar um hvað væri viðeigandi og hvað ekki og þau áttu erfitt með að greina þar á milli. Börn leiðandi foreldra sýndu mestan tilfinninga- og félagsþroska en börn skipandi/ráðríkra og eftirlátra foreldra voru að jafnaði fremur stjórnlaus (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1983b).

Eleanor Maccoby og John Martin bættu síðan við fjórða uppeldishættinum sem þeir kölluðu hirðulausir (e. neglectful) foreldrar. Þær niðurstöður sem eru stöðugt á neikvæðan hátt eru þær sem tengjast fjórða uppeldishættinum, hirðulausir foreldrar. Hirðulausir foreldrar sýna börnum sínum enga hlýju og tengjast barninu ekki á tilfinningalegan hátt, eiga það til að vera þunglyndir og of uppteknir af vandamálum í eigin lífi að þeir sleppa því að hugsa um börnin sín. Börn sem alast upp hjá hirðulausum foreldrum sýna röskun (e. disturbance) í samskiptum við jafningja og fullorðna alla sína ævi. Á unglingsárum eiga börn sem hafa verið vanrækt í æsku það til að vera hvatvís, andfélagsleg og ómetnaðargjörn í skóla. Mjög mikilvægt er að foreldrar hafi eftirlit með börnum sínum því börn og unglingar sem alast upp hjá hirðulausum foreldrum sem eru með lélegt eftirlit eru mjög líkleg til að leiðast út í afbrot og taka þátt í kynferðislegum athöfnum snemma á unglingsárunum (Bee, 2009).

3.2 Rannsókn

Kenning Diönu Baumrind hefur vakið mikla athygli hjá vísindamönnum síðustu áratugi og ýmsar rannsóknir verið framkvæmdar með tilliti til kenninga hennar. Sumar rannsóknir hafa verið greiningar á flokkunum með því að bera saman hina fjóra uppeldishætti við hegðun og viðmót barna (Hay, 2001). Rannsókn Lamborn og félagar var til dæmis á þann veg. Lamborn og félagar gerðu rannsókn á 4.100 unglingum á aldrinum 14 til 18 ára. Unglingunum var skipt niður eftir flokkunarkerfi Diönu Baumrind, Eleanor Maccoby og John Martin í fjóra hópa (leiðandi, skipandi/ráðríkir, eftirlátir og hirðulausir foreldrar). Þeim var skipt eftir því hvort þeir flokkuðu foreldra sína sem viðurkennandi/þáttökusama (e. acceptance/involvement) eða stranga/stjórnunarsama (e. strictness/supervision). Unglingarnir voru síðan bornir saman við fjögur sett niðurstaðna; félagssálfræðilegur þroski (e. psychosocial development), árangur í skóla (e. school achievement), innri erfiðleikar (e. internalized distress) og vandamálahegðun (e. problem behavior). Í þessari rannsókn skoðuðu þau víxlverkandi áhrif hlýju foreldra og hversu strangir þeir eru á ýmsar hliðar þroska unglinga (Lamborn, Mounts, Steinberg og Dornbusch, 1991).

Niðurstöður rannsóknarinnar eru samkvæmar niðurstöðum rannsóknar Diönu Baumrind og rannsókn Eleanor Maccoby og John Martin. Niðurstöðurnar bentu til þess að þeir unglingar sem töldu foreldra sína vera leiðandi skoruðu hæst í mælingum á félagssálfræðilegri hæfni en lægst í sálfræðilegri og hegðunarlegri truflun. Þessu var öfugt farið hjá þeim unglingum sem lýstu foreldrum sínum sem hirðulausum. Þeir sem ólust upp hjá leiðandi foreldrum voru mun metnaðarfullri en þeir unglingar sem ólust upp hjá skipandi/ráðríkum, eftirlátum eða hirðulausum foreldrum. Þegar skoðuð voru innri einkenni, eins og sálfræðileg og líkamleg (e. somatic) einkenni, þá bentu niðurstöður á að ekki var mikill munur þar á ferð hjá unglingum sem ólust upp hjá leiðandi foreldrum og þeim unglingum sem ólust upp hjá eftirlátum og skipandi/ráðríkum foreldrum. Enginn munur var þó á milli þeirra unglinga sem áttu leiðandi og þeirra sem áttu eftirláta foreldra þegar skoðaðar voru niðurstöður er tengdust sjálfstrausti, félagshæfni og afbrotahæðun. Einnig var ekki mikill munur á niðurstöðum á milli þeirra sem ólust upp hjá leiðandi og skipandi/ráðríkum foreldrum þegar skoðaðar voru niðurstöðurnar fyrir vímuefnanotkun og afbrotahæðun með tilliti til einkunna. Unglingar sem áttu skipandi/ráðríka foreldra skoruðu ágætlega vel í mælingum á hlýðni og undirgefni á mælikvarða fullorðinna en höfðu tiltölulega lélegri sjálfskilning en aðrir unglingar.

Heildarmynstur þeirra unglunga sem ólust upp hjá skipandi/ráðríkum foreldrum er það að þeir hafa verið þvingaðir til að hlýða. Unglingar sem sögðust eiga eftirláta eða skipandi/ráðríka foreldra sýndu ákveðna veik- og styrkleika. Til dæmis hegðuðu þeir sér betur í skóla, notuðu síður vímuefni, sýndu minni líkamlega vanlíðan og sýndu betri afstöðu gagnvart skólanum heldur en þeir unglunga sem ólust upp hjá eftirlátum foreldrum. Hinsvegar voru þeir unglunga sem lýstu foreldrum sínum sem eftirlátum voru félagslega hæfari og sýndu meiri sjálfskilning en þeir sem áttu skipandi/ráðríka foreldra. Unglingar sem lýstu foreldrum sínum sem hirðulausum komu verst út af öllum fjórum flokkunum. Þeir sýndu merki um mikinn sjálfskilning en voru líklegri til að neyta vímuefna og hegða sér illa í skóla sem og taka lítið þátt í skólanum. Unglingarnir í þessum hópi voru alltaf með verri útkomu en þeir sem ólust upp hjá leiðandi foreldrum. Oft var ekki það mikill munur á þeim og þeim unglungum sem ólust upp hjá leiðandi foreldrum þegar skoðaðar voru niðurstöður tengdar sjálfsöryggi, sjálftrausti og félagshæfni. Einnig var ekki mikill munur á þeim og þeim unglungum sem ólust upp hjá eftirlátum foreldrum þegar skoðaðar voru niðurstöður tengdar hegðunarvandamálum, þátttöku í skóla, sjálfstrausti og líkamlegri vanlíðan. Niðurstöðurnar benda á það að það er lítil mismunur, sem samt er hægt að spá fyrir um, á aðlögunar- og félagssálfræðilegri hæfni hjá unglungum sem búa hjá leiðandi, skipandi/ráðríkum, eftirlátum eða hirðulausum foreldrum (Lamborn, Mounts, Steinberg og Dornbusch, 1991).

4. Sjálfsstjórn

4.1 Kenning Gottfredson og Hirschi um sjálfsstjórn

Gottfredson og Hirschi settu fram hugmyndina um sjálfsstjórn (e. self-control). Sú hugmynd þar sem fólk er frábrugðið hvort öðru að vissu marki þar sem þau eru viðkvæm fyrir freistingu augnabliksins. Gottfredson og Hirschi segja að minni sjálfsstjórn leiðir ekki endilega af sér afbrotahæðun og er hægt að sporna gegn henni við ákveðnar aðstæður eða með öðrum eiginleikum einstaklingsins. Mikil sjálfsstjórn minnkar líkurnar á afbrotahæðun, sem sagt þeir sem hafa mikla sjálfsstjórn eru mjög

ólíklegir á öllum tímapunktum í lífinu til að fremja glæpi (Gottfredson og Hirschi, 1990).

Gottfredson og Hirschi tala um 6 þætti sjálfsstjórnar: 1. Afbrot veita löngunum tafarlausa fullnægingu. Aðaleinkenni fólks með litla sjálfsstjórn hefur tilhneigingu til þess að svara ápreifanlegri hvatningu sem kemur frá nánasta umhverfi til þess að fullnægja lönguninni. Fólk með mikla sjálfsstjórn hefur hinsvegar tilhneigingu til að fresta fullnægingunni. 2. Afbrot veita lönguninni auðvelda eða einfalda fullnægingu. Þau veita einstaklingunum peninga án þess að þurfa að vinna fyrir þeim, kynlíf án sambands og hefndar án afskipta dómstóla. Fólk með litla sjálfsstjórn á það einnig til að skorta ástundun (e. diligence), fastheldni (e. tenacity) eða þrautseigju (e. persistence) í ferli aðgerða. 3. Afbrot eru spennandi, áhættusöm og/eða æsandi. Þau fela í sér laumuspil (e. stealth), hættu, hraða, snerpu (e. agility), blekkingar og vald. Þeir einstaklingar sem eru með litla sjálfsstjórn hafa tilhneigingu til að vera áhættusamir (e. adventuresome), virkir/athafnasamir (e. active) og ofbeldisfullir. Þeir sem eru með mikla sjálfsstjórn eru þá frekar varkárir, vitrænir (e. cognitive) og svara áreiti með orðum í stað ofbeldis. 4. Afbrot leiða af sér fáan eða lítinn langtíma ávinning, þau jafngilda ekki vinnu eða frama. Þau trufla/hindra langtíma skuldbindingu við atvinnu, hjónabönd, fjölskyldu eða vini. Fólk með litla sjálfsstjórn á það til að vera í óstöðugum hjónaböndum, eiga ótrausta vini og vera með ótraustan starfsferil (e. job profile). Það á það einnig til að vera óundirbúið fyrir vinnumarkaðinn og hafa engan áhuga á honum né vera með langtíma starfsframa í huga. 5. Afbrot krefjast lítilla hæfileika eða skipulags. Vitrænar kröfur fyrir glæpi eru flestar í lágmarki. Því þurfa einstaklingar sem eru með litla sjálfsstjórn ekki að vera með vitræna eða fræðilega kunnáttu. Kunnátta eða færni þessara einstaklinga þarf einungis að vera í lágmarki og krefst hún ekki þjálfunar. 6. Afleiðing afbrota er yfirleitt sársauki eða óþægindi í garð fórnarlambins. Til dæmis glataðar eignir, líkamsmeiðingar, vanvirðing á friðhelgi einkalífs og rofið traust. Fólk með litla sjálfsstjórn á það til að vera sjálfhverft, kærulaust og tilfinningalaust og er sama um þjáningar og þarfir annarra. En þrátt fyrir þetta er fólk með litla sjálfsstjórn ekki endilega óvingjarnlegt eða ófélagslynt. Þvert á móti, það gerir sér nefnilega fljótt grein fyrir þeim umbunum sem fylgja persónutöfrum og örlæti (Gottfredson og Hirschi, 1990).

Eins og fjallað var um hér fyrir ofan þá felst eftirsóknin eftir unaði eða fullnægingu meðal annars í afbrotum. Fólk með litla sjálfsstjórn á það einnig til að

sækjast eftir þessum unaði með löglegum hætti, eins og að reykja, drekka, stunda fjárhættuspil, eignast börn utan hjónabands og stunda óvarið kynlíf (Gottfredson og Hirschi, 1990). Aðal ávinningur afbrota er ekki unaðurinn sem hlýst af þeim heldur er þetta léttir á ákveðinni gremju eða augnabliks pirringi. Til dæmis pirringurinn sem hlýst af barnsgráti er oft hvati að líkamlegri misþyrmingu. Pirringurinn sem hlýst af óþolandi manningum á barnum er oft hvati að slagsmálum. Þetta sýnir að fólk með litla sjálfsstjórn er yfirleitt með minna umburðarlyndi gagnvart áreiti og litla getu til að svara áreitinu með orðum frekar en með líkamlegu ofbeldi. Fólk með litla sjálfsstjórn á það til að vera hvatvíst, tillitslaust, áhættusækið, þröngsýnt, ofbeldishneigt og óræðið og hefur því tilhneigingu til leiðast út í afbrot eða sambærilegar athafnir, svo sem áfengisdrykkju og reykingar (Gottfredson og Hirschi, 1990).

Gottfredson og Hirschi telja það að fólk sem byrjar að sýna fram á vandamálahegðun snemma á lífsleiðinni muni stunda afbrot og aðra svipaða hegðun á unglings- og fullorðinsárunum. Það að lenda oft í vandræðum endurspeglar stöðugt hegðunarmynstur út lífið (Pratt og Cullen, 2000). Kenning Gottfredson og Hirschi, *General theory of crime*, fjallar um það að tilhneigingin til að fremja glæp, sem þeir kalla sjálfsstjórn (e. self-control), er alin upp í börnum snemma á lífsleiðinni af foreldrum sem beita áhrifaríkri beinni stjórnun, svo sem eftirliti, viðurkenningu og refsingu á vondri hegðun (Wright og Cullen 2001). Að mati Gottfredson og Hirschi er uppruna lítillar sjálfsstjórnar að finna á fyrstu sex til átta árum lífsins á þeim tíma sem barnið er undir stjórn og eftirliti foreldra eða forráðamanna. Þeir segja einnig að sjálfsstjórn barna eigi að vera orðin stöðug þegar þau eru í kringum átta til tíu ára (Perrone, Sullivan, Pratt og Margaryan, 2004). Einnig segja þeir að lélegt eftirlit foreldra orsakar litla sjálfsstjórn hjá börnum og aðra slíka hegðun (Pratt og Cullen, 2000).

Aðalástæðan fyrir lítilli sjálfsstjórn virðist vera árangurslaust (e. ineffective) uppeldi. Til að finna þessi skilyrði er ágætt að byrja að skoða sambandið milli fjölskylduáðstæðna og afbrotahegðun unglunga (e. delinquency). Rannsókn var gerð á sambandi mismunandi fjölskylduþátta og afbrotahegðunar unglunga og kom þá í ljós að agi, eftirlit og ástúð á það til að skorta hjá þeim fjölskyldum sem innihalda afbrotahneigða unglunga. Hegðun foreldranna var yfirleitt léleg, t.d. stunduðu þeir óhóflega drykkju, eftirlitið var lítið og foreldrarnir áttu það til að vera sjálfir afbrotamenn. Til þess að fullnægjandi uppeldi eigi sér stað þurfa ákveðin skilyrði að

vera til staðar. Til þess að kenna barninu sjálfstjórn; 1. þarf einhver að fylgjast með hegðun barnsins; 2. viðurkenna og bera kennsl á frávíkshægðunina ef hún á sér stað; og 3. refsa slíkri hegðun. Einstaklingurinn sem veitir barninu ástúð og eftirlit ætti því að fylgjast með þessari hegðun og stoppa hana um leið ef hún á sér stað og leiðrétta hegðun barnsins með því að benda því á hvað sé rétt og hvað ekki. Árangurinn sem hlýst af þessu ætti að vera sá að barnið verður hæfara í því að fresta uppfyllingu langanna sinna, eins og fjallað er um hér að framan, verður tilfinninganæmara gagnvart öðru fólki, sjálfstæðara, sættir sig frekar við meiri aga og er ólíklegra til að nota ofbeldi til að fá sínu framgengt (Gottfredson og Hirschi, 1990).

Gottfredson og Hirschi segja að áhugi foreldra á velferð eða hegðun barnsins er nauðsynlegt skilyrði fyrir góðu uppeldi. Afbrotahægðun er ekki eitthvað sem foreldrar kenna börnum sínum heldur þurfa foreldrar að kenna börnum sínum að forðast þessa hegðun. Foreldrar með afbrotaferil hvetja ekki endilega börnin sín til að fremja glæpi heldur eru þeir alveg jafn líklegir til að vera á móti þeim eins og foreldrar með engan afbrotaferil. Þrátt fyrir þetta þá er ekki nóg að vera á móti glæpum til að koma í veg fyrir afbrotahægðun barnanna. Þá er einnig hægt að álíta svo að foreldrar með litla sjálfstjórn séu ekki góðir í því að kenna börnum sínum sjálfstjórn. Kenning Gottfredson og Hirschi fjallar meðal annars um sambandið á milli sjálfstjórnar foreldra og sjálfstjórnar barna þeirra, sem þau öðlast síðar á lífsleiðinni. Það er góð ástæða að ætla, sem og reyndar upplýsingar staðfesta, að þeir foreldrar sem eru með litla sjálfstjórn eiga frekar ófélagshæf börn, eða þjálfar þau ekki vel í félagshæfni. Þeir telja að sumt fólk er mun líklegra til að gera börnin sín ófélagshæf út af því að það sjálft er ófélagshæft, illa félagsmótað. (Gottfredson og Hirschi, 1990).

Eftirlit foreldra kemur að öllum líkindum í veg fyrir afbrot eða sambærileg athæfi og á sama tíma þjálfar barnið í því að forðast þau. Eftirlitið skiptir því miklu máli varðandi það hvort afbrotahægðun sé til staðar eða ekki. Til þess að eftirlit hafi áhrif á sjálfstjórn þarf eftirlitsmaðurinn (e. supervisor) að skynja það þegar frávíkshægðun á sér stað. Einn þáttur uppeldisins sem útskýrir það af hverju afbrotahægðun unglunga á sér stað er greining (e. recognition) frávíkshægðunar. Samkvæmt Gerald Patterson gera margir foreldrar sér ekki einu sinni grein fyrir afbrotahægðun barna sinna og hvað þá frávíkshægðun, sem mikilvægt er að refsa til að uppeldið verði sem áhrifaríkast. Til dæmis þegar börn stela einhverju þá taka sumir foreldrar ásökununum með fyrirvara vegna þess að þær hafa ekki verið sannaðar og er því ekki

hægt að nota þær til að réttlæta refsingu. Annað dæmi er þegar barni hefur verið vikið úr skóla fyrir slæma hegðun taka sumir foreldrar afstöðu með barninu og kenna kennurunum um illa meðferð. Þeir foreldrar sem sjá ekki slæmu hegðun barna sinna eru auðvitað í engri stöðu til að leiðrétta hana jafnvel þó þeir hafi tilhneigingu til að gera það (Gottfredson og Hirschi, 1990). Því miður eru ekki allir foreldrar (fórráðamenn) góðir eða færir í því að bera kennsl á frávíkshegðunina. Sumir foreldrar leyfa börnum sínum að gera nánast hvað sem þau vilja án þess að hafa afskipti af þeim. Dæmi um afskiptaleysi er að leyfa óhóflegt sjónvarpsgláp, leyfa reykingar, banna ekki líkamlegt ofbeldi í garð annarra og fylgjast ekki með því hvort barnið geri heimavinnuna eða mæti í skólann. Foreldrar eða aðrir fórráðamenn refsa ekki alltaf á áhrifaríkan hátt, heldur eru sumir of harðir en aðrir of mildir eða miskunnsamir. Það að verðlauna fyrir góða hegðun bætir það samt ekki upp ef léleg refsing fyrir frávíkshegðun hefur átt sér stað (Gottfredson og Hirschi, 1990). Rannsóknir benda stöðugt á að eftirlit með afbrotaunglingum í fjölskyldum þar sem foreldrarnir eru með afbrotaferil á það til að vera slappt, ófullnægjandi eða lítið. Refsingar í þessum fjölskyldum eiga það líka til að vera skammtíma, léttar eða ónærgætnar, til dæmis öskur og hróp, að slá og lemja og vera með hótanir í garð barnanna (Gottfredson og Hirschi, 1990).

Glæpahegðun á sér þó ekki aðeins stað fyrir tilstilli lítillar sjálfsstjórnar heldur er hún aðeins einn áhrifaþáttur af mörgum. Sumir foreldrar eru heppnir að sum börn með litla sjálfsstjórn ná að forðast gjörðir sem leiða þau út í afbrot, en það er þó mjög ólíklegt að þau nái að forðast alla þá hegðun sem hlýst af lítilli sjálfsstjórn (Gottfredson og Hirschi, 1990).

4.2 Rannsóknir

Í rannsókn Pratt og Cullen (2000) var ákveðið að skoða ákvarðandi heildaráhrif sjálfsstjórnar á afbrot og meta breytileg áhrif sjálfsstjórnar á afbrot með því að nota mismunandi aðferðafræðilegar greiningar. Niðurstöður þeirra studdu kenningar Gottfredson og Hirschi að því leyti að með lítilli sjálfsstjórn aukast líkurnar á því að einstaklingur leiðist út í afbrot og aðra svipaða hegðun. Það virðist því vera að sjálfsstjórn verður að vera talin mikilvægur þáttur sem spáir fyrir um afbrotahegðun (Pratt og Cullen, 2000). Pratt og Cullen töldu að sjálfsstjórn sé aðal orsakavaldur

afbrota og afbrotahegðunar. Heildarniðurstaða rannsóknar þeirra er sú að lítill sjálfsstjórn hefur jákvæð og marktæk áhrif á afbrot og afbrotahegðun (Hay, 2001).

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu er ekki allt vitað um fullnægjandi reynslu (e. empirical adequacy) lítillar sjálfsstjórnar. Til dæmis er smá vafi á því hvernig kenningin útskýrir skipulagða afbrotastarfsemi og hvítflibbaglæpi og hvort sex þættir sjálfsstjórnar, samkvæmt Gottfredson og Hirschi, sameinist í einum eðlisþætti. Enn eitt efnið sem ekki hefur nægileg svör, að mati Hay, er áhrif foreldra á þróun sjálfsstjórnar og afbrotahegðunar, en Gottfredson og Hirschi telja að aðalástæðan fyrir skorti á sjálfsstjórn stafi af árangurslausu uppeldi foreldra. Gottfredson og Hirschi segja að uppeldi foreldra hafi áhrif á afbrot og afbrotahegðun með því að hafa fyrst áhrif á sjálfsstjórn. Hay gerði rannsókn á 197 unglíngum sem bjuggu í þéttbýli í suðvestur Bandaríkjunum. Hay rannsakaði áhrif foreldra á litla sjálfsstjórn. Tilgangur rannsóknarinnar var að rannsaka kenninguna um sjálfsstjórn og þau áhrif sem hún er telur að foreldrauppeldið hafi á litla sjálfsstjórn hjá unglíngum. Hay notaði til þess tvær tilgátur. Fyrri tilgátan var þannig að þær breytur sem mynda áhrifaríkt uppeldi (eftirlit, viðurkenning og refsing frávikshegðunar), eigi að vera neikvætt tengdar (e. negatively related) lítilli sjálfsstjórn. Enn fremur þar sem þessir þrjú þættir eru taldir vera aðal orsök lítillar sjálfsstjórnar munu aðrar breytur (eins og þær sem tengjast kenningu Baumrind) ekki leggja eins mikið af mörkum til að útskýra litla sjálfsstjórn. Seinni tilgátan er sú að áhrif árangursríks uppeldis á afbrotahegðun ætti að tengjast lítilli sjálfsstjórn (Hay, 2001).

Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að samanlögð mæling á eftirliti og refsingu foreldra sýnir að hún hefur neikvæð marktæk áhrif á litla sjálfsstjórn. Styrkur þessa sambands er hinsvegar í meðallagi í besta falli. Skýringin á lítilli sjálfsstjórn jókst marktækt þegar fleiri breytum var bætt við, til dæmis viðurkenning og þátttaka foreldra, barninu er veitt sálfræðilegt sjálfstæði, sanngjörn refsing er notuð og líkamleg refsing er ekki notuð, en allar þessar breytur hafa verið tengdar við kenningu Baumrind um leiðandi foreldra. Með því að bæta aðeins við einni slíkri breytu við jöfnu þar sem breyturnar eftirlit og refsing foreldra var þegar búið að nota hækkaði breytileikinn (e. variance) um tvöfalt en með því að bæta öllum breytunum við þrefaldaðist breytileikinn. Af þeim fimm foreldra breytum sem notaðar voru var breytan sanngjörn refsing þýðingarmest fyrir litla sjálfsstjórn. Mikilvægi sanngjarnar refsingar bendir á veikleika í kenningu Gottfredson og Hirschi og að þeir séu of þröngsýnir á mikilvægi áhrifaríks foreldrauppeldis því þeir segja einungis að með

meiri stjórnun verði sjálfsstjórn barnsins þeim mun betri. Gottfredson og Hirschi segja að vísu ekki að ósanngjarnar refsingar og líkamsrefsingar séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir litla sjálfsstjórn. Þeir segja að áhrifarík refsing hefur í för með sér skýra vanþóknun á frávíkshæðuninni og að sumir foreldrar séu of strangir. Þeir ítreka það að með áhrifalausri refsingu mistekst foreldrinu að leiðrétta frávíkshæðunina. Hay finnst Gottfredson og Hirschi ekki útskýra nógu vel hvernig refsingunni eigi að vera háttáð og með víðari skilgreiningu eykur það gildi kenningarinnar um sjálfsstjórn. Önnur niðurstaða í þessari rannsókn er sú að þrátt fyrir sterk áhrif lítillar sjálfsstjórnar á afbrotahegðun þá tengist (e. mediate) hún aðeins að hluta til áhrifum eftirlits og refsingar foreldra á afbrotahegðun. Hay finnst þetta vera áhugaverðar niðurstöður því hann telur að sjálfsstjórn ætti að tengjast áhrifunum að fullu. Heildarniðurstöður þessarar rannsóknar eru þær að eftirlit og refsing foreldra hefur marktæk áhrif á litla sjálfsstjórn og lítil sjálfsstjórn hefur marktæk áhrif á afbrotahegðun og tengist að hluta til áhrifum foreldraeftirlits og refsingar (Hay, 2001).

Polakowski gerði rannsókn, árið 1994, á átta – 10 ára gömlum börnum, með gögnum sem hann fékk frá Cambridge Youth Study. Polakowski komst að því að eftirlit foreldra hafði marktæk áhrif og spáði fyrir um sjálfsstjórn seinna meir, eða þegar þau voru orðin 12 – 14 ára. Sem spáði síðan fyrir um afbrotahegðun síðar á lífsleiðinni. Þannig að rannsókn hans studdi kenningu Gottfredson og Hirschi um sjálfsstjórn. Gibbs og félagar og Cochran og félagar gerðu sitthvora en alveg eins rannsókn árið 1998, á stúdentum í háskóla. Þau athuguðu hvernig minning þeirra um foreldravenjur stúdentanna voru þegar þeir voru yngri og hvernig þær spáðu fyrir um sjálfsstjórn þeirra í nútíðinni. Niðurstöður þeirra voru þó ólíkar. Gibbs og félagar fundu það út að foreldrauppeldi hafði áhrif á litla sjálfsstjórn í háskóla, sem innihélt hegðun eins og drykkju, skróp í tímum og svindl, tímabundinn brottrekstur eða algjöran brottrekstur úr skóla. Cochran og félagar fundu engin áhrif af foreldraeftirliti og aga á litla sjálfsstjórn í háskóla (Hay, 2001).

Perrone og félagar gerðu rannsókn á því hvort foreldravirkni spái marktækt fyrir um sjálfsstjórn barna. Einnig skoðuðu þeir hvort sambandið milli foreldravirkni og afbrotahegðunar tengdist sjálfsstjórn. Gögn sem þau notuðu voru frá *National Longitudinal Study of Adolescent Health*. Úrtak þeirra samanstóð af 132 framhaldsskólum þar sem unglingarnir voru á aldrinum 13 – 18 ára, um það bil 13.000 nemendur tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að

í samræmi við kenningu Gottfredson og Hirschi þá er foreldravirkni einn aðal áhrifaþáttur á sjálfsstjórn en að mati Perrone og félaga þá er hann samt ekki eini þátturinn sem hefur áhrif. Þeir komust einnig að því að sjálfsstjórn tengist ekki sambandinu á milli foreldravirkni og afbrotahæðunar fullkomlega og að foreldravirkni og jafningjar sem stunda afbrotahæðun spá marktækt fyrir um afbrotahæðun unglunga óháð sjálfsstjórn (Perrone, Sullivan, Pratt og Margaryan, 2004).

5. Félagslegt taumhald

5.1 Kenningar um félagslegt taumhald

Kenningar um taumhald eru öðruvísi en margar frávikshæðunarkenningar. Kenningar um siðrof vegna álags (e. anomie-strain theory) og félagsnámskenningar (social learning theory) nálgast útskýringu frávikshæðunar með því að spyrja: „Hvað veldur frávikshæðuninni?“. Taumhaldskeningarsinnar spyrja hins vegar: „Hvað veldur því að fólk hlýðni lögum, reglum viðmiðum, gildum og þess háttar?“ Þeir vilja meina að ef þeir finna ástæðuna fyrir því að fólk hlýði þá finni þeir hvað veldur frávikshæðuninni (Thio, 2007).

Travis Hirschi var einn af þeim sem fjallaði um félagslegt taumhald (e. social bonding theory). Hirschi telur að allir einstaklingar geti brotið af sér en flestir geri það ekki út af því að þeir hafa svo sterk tengsl við samfélagið. Sem sagt þessi sterku tengsl einstaklingsins við samfélagið er það sem veldur hlýðninni eða reglufestunni (e. conformity). Af þessu leiðir það að ef tengsl einstaklingsins við samfélagið eru veik þá mun sá einstaklingur verða frávik og brjóta af sér. Samkvæmt Hirschi getur einstaklingurinn tengst samfélaginu í gegnum fjóra þætti. Fyrsta þáttinn kallar hann geðtengsl (e. attachment). Þessi þáttur lýsir sér þannig að einstaklingurinn tengist hefðbundnum tilfinningaböndum við aðra einstaklinga og stofnanir. Eins og til dæmis þá sýna börn og unglingar ástúð, umhyggju og virðingu gagnvart foreldrum sínum og kennurum í skólanum, eignast vini sem aðhyllast einnig þessi samfélagslega viðurkenndu markmið og gildi, og vinna mikið fyrir því að þróa vitsmunalega hæfni sína. Annar þátturinn nefnist skuldbinding (e. commitment).

Mikilvæg leið til að halda stöðugri reglufestu er að setja sér langtímamarkmið. Á meðan einstaklingar mennta sig, stunda vinnuna sína, byggja upp gott orðspor og þess háttar þá eru litlar líkur á því að einstaklingurinn stundi frávikshegðun. Þriðji þátturinn er þátttaka (e. involvement) í hefðbundnum athöfnum. Fólk heldur sér svo uppteknu við að taka þátt í hefðbundnum athöfnum að það hefur ekki tíma til né viljann til að hugsa um frávikshegðun. Fjórdi og síðasti þátturinn samkvæmt Hirschi er trú (e. belief). Einstaklingarnir trúa á siðferðisleg gildi samfélagsins. Þeir telja samfélagið vera gott og trúa á og virða lög og reglur sem settar hafa verið í samfélaginu. Ef þessir fjórir þættir sem tengjast hinu hefðbundna samfélagi eru sterkir hjá einstaklingnum þá mun hann fara eftir reglufestu samfélagsins. Ef allir þessir þættir eru veikir þá eru miklar líkur á því að hann muni leiðast út í frávikshegðun (Thio, 2007). Almennt þá halda taumhaldskeningarsinnar því fram að foreldrar hvetji börnin sín til að aðlagast samfélaginu með óbeinum eða beinum hætti. Travis Hirschi segir að þrátt fyrir að vera ekki líkamlega nærverandi geta foreldrar óbeint stjórnað börnum sínum í gegnum tengsl sín við þau. Ef foreldrarnir eru sálfræðilega viðstaddir þegar freistingin um að fremja glæp kemur fram þá er ólíklegt að barnið fremji glæpinn. Ef barnið hugsar ekkert um viðbrögð foreldra sinna, þegar freistingin á sér stað, þá er barnið að einhverju leyti frjálst til að fremja glæpinn. Barninu er sama hvernig foreldrarnir munu bregðast við afbroti þess. Ef börnum þykir vænt um foreldra sína og þau tengjast þeim á einhvern hátt þá skipta þeir þau miklu máli og eru þeir því yfirleitt sálfræðilega viðstaddir margt sem barnið gerir og hefur áhrif á gjörðir þess (Wright og Cullen 2001).

Á meðan Hirschi skoðaði það hvernig samfélagið stjórnar einstaklingnum í gegnum tengsl þá skoðaði John Braithwaite það hvernig samfélagið stjórnar einstaklingum með skömm og sektarkennd. Braithwaite telur það vera óformlegt félagslegt taumhald (e. informal social control) sem lætur aðra einstaklinga finna fyrir skömm og sektarkennd, sem framkvæmt er til dæmis af ættingjum, vinum og nágrönnum. Hann segir að þeir einstaklingar sem brjóta af sér og stunda frávik er sýnd mikil vanþóknun og er þeim refsað með því að þeir finni fyrir skömm og sektarkennd. Braithwaite fjallar um tvo þætti þessarar aðferðar. Fyrri þátturinn fjallar um fráhrindingar skömm (e. disintegrative shaming) þar sem einstaklingnum er refsað fyrir athæfi sitt með höfnun eða jafnvel útskúfaður úr hefðbundnu samfélagi. Seinni þátturinn er endurkoma (e. reintegrative). Í henni fellst það að láta þann sem brýtur af sér finna fyrir skömm og sektarkennd en samt sem áður sýna honum

skilning, fyrirgefningu og jafnvel virðingu. Seinni þátturinn hefur mun jákvæðari áhrif en sá fyrri og nota foreldrar þetta oft á börnin sín til að aga þau. Braithwaite segir að seinni þáttur aðferðarinnar dregur úr líkunum á því að afbrotin verði endurtekin á meðan fyrri þátturinn eykur líkur á endurtekningu þeirra (Thio, 2007). Taumhaldskenningsmiðir leggja mikla áherslu á mikilvægi refsiaðgerða til að koma í veg fyrir afbrotahegðun. Þeir segja þó ekki að mikilvægast sé að refsingarnar séu löglegar eða líkamlegar heldur telja þeir að áhrifaríkustu refsiaðgerðirnar séu að gerandinn skynji vanþóknun frá þeim sem honum þykir vænt um. Bein eða óbein stjórnun hefur í för með sér ákveðna fyrirhöfn fyrir foreldrana til að fylgjast með hegðun barna sinna og að refsa fyrir slæma hegðun (Wright og Cullen 2001).

5.2 Rannsóknir

Wright og Cullen gerðu rannsókn á víxlverkandi sambandi eftirlits og stuðnings foreldra og sameiginlegum áhrifum þess á vandamálahegðun unglunga. Þátttakendur voru 1.526 og voru á aldrinum tíu ára og uppúr. Niðurstöður rannsóknar þeirra styður þá ályktun að eftirlit er einn aðaláhrifaþáttur afbrotahegðunar barna. Þeir komust að því að afbrotahegðun minnkaði með reglum, tengslum barna og foreldra og eftirliti foreldra. Þessar niðurstöður eru samkvæmar kenningu Hirschi um félagslegt taumhald eða félagsleg tengsl (e. social bond theory). Kenning hans leggur áherslu á mikilvægi óbeins eða beins eftirlits foreldra og áherslu á mikilvægi reglufestu sem orsakar sjálfstjórn með því að minnka áhættuþætti eða með því að auka óeigingjarna og umhyggjusama hegðun (e. prosocial behavior). Þeir komust einnig að því að félagslegur stuðningur virðist hafa bein áhrif á vandamálahegðun unglunga sem verða ekki útskýrð með reglufestu né eftirliti foreldra. Þeir vilja trúa því að foreldrar sem styðja börn sín eru foreldrar sem tengjast og hafa eftirlit með börnum sínum. Jafnvel þó eftirlit og stuðningur séu í eðli sínu ólík hugtök þá virðist svo vera að þau samtvinna þegar kemur að raunverulegu uppeldi (Wright og Cullen 2001).

Hindelang gerði rannsókn sem var hálfgerð eftirlíking á rannsókn Hirschis, framkvæmd 1964, en þessi rannsókn var gerð árið 1971. Þessi rannsókn var ekki alveg eins og rannsókn Hirschi vegna þess að gögn úr rannsókn Hirschi voru ófullnægjandi og því erfitt að herma eftir henni og spurningarnar sem notaðar voru í rannsókn Hindelang voru aðeins öðruvísi en þær sem Hirschi notaði í sinni. Aðalmarkmið rannsóknar Hindelang var að skoða hvort það sé hægt að alhæfa

niðurstöður Hirschi yfir á það úrtak sem rannsakað var í þessari rannsókn. Úrtakið í þessari rannsókn voru bæði karlar og konur en ekki bara karlar eins og í rannsókn Hirschi. Þátttakendur voru 978 talsins, allir úr sama skólanum og á aldrinum 12 – 18 ára. Niðurstöður rannsóknar Hindelang voru þær að mikið samræmi var á milli niðurstöðu rannsóknar hans og Hirschi. Atriði eins og tengsl við foreldra, kennara og skólann, skuldbinding við fullorðins- og hefðbundnar athafnir og þátttaka í skóla skiluðu öll svipuðum niðurstöðum og þeim sem Hirschi fékk. Hirschi taldi það vera jákvæð tengsl á milli foreldratengsla og tengsla við jafningja og svo að tengsl jafningja og afbrotahegðunar væru neikvæð. Þetta á ekki við í þessari rannsókn. Þar kom fram að áhrif á milli foreldratengsla og tengsla við jafningja voru nánast bein (e. orthogonal) og tengsl jafningja og afbrotahegðunar væru jákvæð. Hann telur að útskýring Hirschi á tengslum barns við jafningja mætti vera nákvæmari (Hindelang, 1973).

Í rannsókn Sokol-Katz og féлага skoðuðu þau sambandið á milli fjölskyldueinkenna og afbrotahegðun unglunga til þess að ákvarða áhrif félagslegs taumhalds með því að skoða fjölskyldufyrirkomulag og foreldratengsl. Áhrif á litla og mikla afbrotahegðun, drykkju, reykingar, fíkniefnanotkun og trú á lög og reglur voru rannsökuð. Munur áhrifa á karlkyns og kvenkyns unglunga var skoðaður. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 596 stúlkur og 515 strákar á aldrinum 11 – 14 ára. Niðurstöður rannsóknarinnar benda á það að fjölskyldufyrirkomulag hefur aðeins óbein áhrif á afbrotahegðun. Þetta er vegna þess að fjölskyldufyrirkomulagið hefur bein áhrif á fjölskyldutengsl sem hefur bein marktæk áhrif á afbrotahegðun, drykkju, reykingar og fíkniefnanotkun. Þau telja því svo að það að búa í brotinni eða endurnýjaðri fjölskyldu hafi ekki slæm áhrif á unglunga ef það ríkir traust og væntumþykja/tengsl innan fjölskyldunnar og það séu þá minni líkur á því að unglingarnir leiðist út í afbrotahegðun. Ef fjölskyldan er ósködduð, til dæmis líffræðilegir foreldrar barns búa ennþá sama, en ekkert traust eða væntumþykja er til staðar þá eru meiri líkur á því að unglingurinn taki upp afbrotahegðun. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar ættu tengsl barns við fjölskyldu að vera álitin mun mikilvægari heldur en fjölskyldufyrirkomulag jafnvel þó fyrirkomulagið hafi áhrif á tengslin. Fjölskyldutengsl höfðu líka bein marktæk áhrif trú á lögum og reglum en trúin hafði einnig marktæk áhrif á afbrotahegðun. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja því niðurstöður Hirschi sem segja að tengsl eru á milli fjölskyldutengsla og trúar á lög og reglu og að þessir þættir hafi báðir marktæk áhrif á afbrotahegðun.

Einnig eru þau sammála Hirschi að fjölskyldutengsl eru lykilþættir í því að koma í veg fyrir afbrotahegðun barna (Sokol-Katz, Dunham og Zimmerman, 1997).

6. Félagsnámskenningin

Félagsnámskenningin er hugarfóstur Edwin Sutherland og samkvæmt honum er frávíkshægðun lærd í gegnum samskipti við aðra einstaklinga. Hann þróaði kenninguna um mismunandi félagsskap (e. differential association) til þess að útskýra hvernig einstaklingurinn lærir frávíkshægðun. Sutherland segir að ef einstaklingur hefur meiri samskipti við aðra einstaklinga sem hafa ríkjandi frávíkshugmyndir frekar en þá einstaklinga sem hafa hefðbundnar hugmyndir þá eru miklar líkur á því að hann taki upp frávíkshægðun. Þeir einstaklingar sem eru með frávíkshugmyndir stunda ekki endilega frávíkshægðun. Til dæmis ef faðir segir barninu sínu að það sé í lagi að stela þegar maður er fátækur er hann að gefa barninu hugmynd um að brjóta af sér en ef hann segir að það sé rangt að stela þá er hann að gefa því þá hugmynd um að brjóta ekki af sér. Semsagt áherslan er sú að það eru hugmyndirnar sem skipta máli. Ef fólki eru gefnar fleiri hugmyndir um frávík þá er líklegra að þau taki upp frávíkshægðun. Sutherland vill meina að samskipti við þá sem eru með frávíkshugmyndir hafi aðeins áhrif ef einstaklingurinn fær fleiri þannig hugmyndir heldur en þær hefðbundnu (Thio, 2007).

Daniel Glaiser kom með aðra útfærslu á félagsnámskenningunni og fjallar hún um mismunandi auðkenni (e. differential identification). Glaser finnst kenning Sutherland vera mjög vélræn á þann hátt að einstaklingurinn virðist vera vélrænt ýtt í þátttöku hjá hópum sem stunda frávíkshægðun. Hann hunsir einnig hæfni einstaklingsins til að velja og hafna. Glaser vill meina að samskipti við þá sem eru með frávíkshugsanir eru skaðlaus nema einstaklingurinn taki þær of alvarlega og samsami sér með þeim (Thio, 2007).

Robert Burgess og Ronald Akers komu með sína útfærslu á félagsnámskenningunni. Kenning þeirra fjallar um mismunandi styrkingu (e. differential reinforcement) og segir hún að einstaklingar eru hvattir til að hegða sér á ákveðinn hátt ef þeir hafa fengið umbun fyrir athæfið eða hætta við hegðunina ef þeim hefur verið refsað. Fólk mun því halda áfram að stunda frávíkshægðun ef því

hefur verið umbunað fyrir hana. Sem dæmi má nefna að þjófur sem hafa grætt mikið á ránum eru ólíklegir til að hætta þeim þar sem þeir græða svo mikið á þeim eða þá út af því að þeim hefur aldrei verið náð. Einstaklingar munu velja frávíkshögðunina fram yfir hefðbundnu hegðunina ef hún hefur þóknast þeim best í gegnum tíðina, en aðeins ef þessir sömu einstaklingar hafa komist í mikil kynni við frávíkshugmyndir (Thio, 2007).

7. Samanburður rannsókna

Þeir sem aðhyllast samþætta kenningarsjónarmiðið (e. integrated theoretical perspective) segja það að oft á tíðum ná hinar almennu kenningar ekki að útskýra ákveðið viðfangsefni að fullu og því sé betra að samþætta ákveðnar kenningar til að fá marktækari niðurstöður (Svensson, 2003)

Cullen II og félagar telja einnig að með því að nota saman félagsnámskenninguna og kenninguna um félagslegt taumhald þá verði niðurstöður rannsókna þeirra meira sannfærandi heldur en að nota þær í sitthvoru lagi því þá verða niðurstöður ekki útskýrðar nægilega vel. Bæði kenningin um félagslegt taumhald og kenningin um mismunandi félagsskap benda á að samheldni innan fjölskyldu, álag innan fjölskyldu (e. family stressors) og samskipti við vini og kunningja eru allt mikilvægir þættir sem verður að hafa í huga þegar orsök afbrotahegðunar eru skoðuð. Church og félagar gerðu rannsókn á því hvernig sjálfsmynd, samheldni og álag fjölskyldu, samband unglunga við jafningja sem stunda og stunda ekki afbrotahegðun hafi áhrif á afbrotahegðun. Þau notuðu félagsnámskenninguna, kenning um mismunandi félagsskap, og félagslegu taumhaldskenninguna til að aðstoða við rannsóknina. Þátttakendur í rannsókninni voru 1.725 unglingar. Í niðurstöðum sínum komust þau að því að álag innan fjölskyldu hefur bein áhrif á afbrotahegðun. Sjálfsmynd er einnig mjög mikilvægur þáttur sem spáir fyrir um afbrotahegðun. Hún gefur það til kynna að með hærri sjálfsmynd eru minni líkur á því að börn taki upp afbrotahegðun og með henni hafa börn meiri sjálfsstjórn og eiga auðveldara með að ákveða að taka ekki upp afbrotahegðun. Þetta er alveg öfugt með þau börn sem eru með lága sjálfsmynd. Börn með hærri sjálfsmynd eru líka ólíklegri til að eiga samskipti við aðra jafningja sem tileinka sér afbrotahegðun. Karlkyns þátttakendur voru líklegri til

að vera með lélegri sjálfsmynd en kvenkyns þátttakendur og einnig líklegri til að eiga vini sem tóku þátt í afbrotahæðun og taka þátt í henni sjálfir. Church II o.fl. komust einnig að því að þó svo að fjölskylduáðstæður séu slæmar þá sé einstaklingur sem er með háa sjálfsímynd ólíklegri til að leiðast út í afbrotahæðun (Church II, o.fl., 2009).

Sampson og Laub settu fram tveggja þrepa tilgátu sem byggð var á óformlegu félagslegu taumhaldi og tengdust formgerð og virkni fjölskyldna. Tilgátan var sú að fátækt fjölskyldu hindrar það að fjölskyldan geti þróað óformlegt félagslegt taumhald sem eykur líkurnar á afbrotahæðun unglunga. Til að hjálpa til við rannsóknina studdust þeir ekki bara við kenninguna um óformlegt félagslegt taumhald heldur líka við ýmsar aðrar kenningar, þar á meðal kenningu Diönu Baumrind, sjálfsstjórnarkenningu Gottfredson og Hirschi og kenninguna um félagslegt taumhald. Rannsóknin er byggð á gögnum frá rannsókn Glueck og Glueck á afbrotahæðun unglunga og fullorðinna. Þátttakendur voru 1.000 karlar, 500 voru afbrotamenn og hinir 500 voru það ekki, á aldrinum 10 – 17 ára. Þessir einstaklingar voru allir úr lægri stéttum samfélagsins. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja kenninguna um óformlegt félagslegt taumhald með því að sýna að óstöðugur, ógnandi og strangur agi, lítið eftirlit og léleg tengsl milli barna og foreldra tengjast áhrifum fátæktar fjölskyldu og öðrum svipuðum þáttum á afbrotahæðun. Sem sagt fátækt virðist hamla getu fjölskyldnanna til að ná óformlegu félagslegu taumhaldi sem eykur líkurnar á afbrotahæðun unglunga. Niðurstöður þeirra eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem segja að tengsl barna og foreldra spái fyrir um afbrotahæðun unglunga (Sampson og Laub, 1994).

Robert Svensson gerði rannsókn á notkun vímuefna hjá bæði stúlkum og strákuum með því að skoða eftirlit foreldra og afbrotahæðun jafningja. Svensson spurði þriggja spurninga. Í fyrsta lagi, hvort hefur eftirlit foreldra meiri áhrif á stráka eða stúlkur? Í öðru lagi, er munur á samskiptum stráka og stúlkna við jafningja sem stunda afbrotahæðun? Í þriðja og síðasta lagi, eru einhver tengsl á milli áhrifa kyns, lélegs eftirlits foreldra, samskipta við jafningja sem stunda afbrotahæðun á vímuefnanotkun unglunga? Þátttakendur voru í heildina 859 talsins, 234 strákar og 233 stúlkur voru á aldrinum 14 – 15 ára og 183 strákar og 209 stúlkur voru á aldrinum 17 – 18 ára. Rannsókn hans beindist að því að rannsaka eftirlit foreldra og afbrotahæðun jafningja. Til þess að geta rannsakað þetta efni á sem marktækastan hátt ákvað hann að samþætta tvær kenningar, sem voru kenningin um félagslegt

taumhald og félagsnámskenningin. Þessar tvær kenningar eru einar af þeim áhrifaríkustu sem notaðar eru til að greina afbrota- og frávikshegðun. Niðurstöður Svensson voru til að byrja með þær að fleiri strákar en stúlkur höfðu neytt vímuefna. Meira eftirlit var haft með stúlkum og átti þetta við bæði um þær sem neytt höfðu vímuefna og þær sem ekki höfðu gert það. Lélegt eftirlit foreldra hafði marktæk áhrif á vímuefnaneyslu bæði hjá strákum og stúlkum, þó sambandið væri sterkara hjá strákum. Strákar áttu líka meiri samskipti við jafningja sem stunduðu frávikshegðun heldur en stúlkur og átti þetta líka við um þá sem neyttu vímuefna eða ekki. Samskipti við jafningja sem stunduðu frávik höfðu marktæk áhrif á bæði vímuefnanotkun og hegðun stráka og stúlkna en hafði þó meiri áhrif á strákana. Áhugaverðasta niðurstaðan, að mati Svensson, er sú að þeir unglingar sem fá lélegt foreldraeftirlit eru mun líklegri til að hafa samskipti við jafningja sem stunda afbrotahegðun og neyta vímuefna og hafði þetta marktæk áhrif á stúlkur en ekki stráka. Stúlkur eru almennt undir meira eftirliti en strákar en þegar eftirlitið er lélegt þá eru þær líklegri til að eiga samskipti við jafningja sem stunda frávikshegðun og neyta vímuefna. Aðalniðurstaða rannsóknarinnar er því sú að lélegt foreldraeftirlit eykur líkur á því að einstaklingur taki þátt í afbrotahópum sem veldur því að einstaklingurinn er líklegri til að neyta vímuefna og taka upp afbrotahegðun (Svensson, 2003).

Wright og félagar rannsökuðu ferla félagslegs vals og félagslegra orsaka sem þeir töldu að ylli afbrotahegðun. Þeir settu fram tvær spurningar: Valda félagsleg tengsl afbrotum? Veldur afbrotahegðun í barnæsku afbrotahegðun í framtíðinni? Þeir lýsa þessum ferlum með kenningalegu líkani á þrjú vegu: 1. Félagslegt orsakalíkan tengir afbrot við félagsleg sambönd sem áttu sér stað á þeim tíma sem afbrot voru framin. 2. Félagslegt líkan vals tengir afbrot við persónueinkenni sem mynduðust í æsku. 3. Samþætt líkan á vali og orsökum tengir afbrot við félagsleg tengsl og persónueinkenni úr æsku. Þetta var langtímarannsókn með 1.037 þátttakendum, sem byrjaði þegar þeir voru þrjú ára og var framkvæmd sjö sinnum á tímabilinu þrjú ára til 21 árs. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að lítil sjálfsstjórn einstaklinga í æsku spáði fyrir um rofin félagsleg tengsl og afbrothegðun síðar á ævinni, en niðurstöðurnar studdu félagslegt líkan vals. Félagsleg tengsl og afbrotahegðun unglunga spáði fyrir um afbrotahegðun á fullorðinsárum, þetta studdi félagslega orsakalíkanið, og áhrif sjálfsstjórnar á afbrot voru háð félagslegum tengslum. Þeir komust einnig að því að áhrif félagslegs vals og félagslegra orsaka var

marktækt. Þessar niðurstöður styðja kenningarlega líkanið sem sett var fram í byrjun rannsóknar og sýna fram á mikilvægi þess að tengja saman kenningar sé þess þörf (Wright, Caspi, Moffitt og Silva, 1999).

8. Lokaorð

Áhrifaþættir uppeldis eru margskonar. Svo virðist sem allir greinarhöfundar hér að framan séu sammála um að uppeldi skipti miklu þegar kemur að félagsmótun barna. Þegar litið er yfir kenningar og rannsóknir hér á undan má sjá að í flestum tilfellum er talið að foreldrauppeldi hafi einna mest áhrif á það að segja til um vandamálahegðun barna og unglinga.

Árangurslaust uppeldi foreldra sem ekki inniheldur eftirlit, stjórnun, ástúð og umhyggju hefur mikið að segja um hvort sjálfsstjórn barnsins verði lítil eða mikil. Lítil sjálfsstjórn barnsins leiðir af sér svokallaða vandamálahegðun, reykingar, drykkja, fíkniefnanotkun og frávíks- og afbrotahæðun. Með því að tengsl foreldra við börn séu góð verður félagsleg hegðun þeirra einnig góð. Fjölskyldufyrirkomulag hefur ekki jafn mikil áhrif og fjölskyldutengsl á uppeldi barna séu tengslin léleg. Þar af leiðandi verður hegðun barna verri ef tengsl við fjölskyldu eru léleg.

Þó svo þessar kenningar séu ekki endilega allar sammála um hvað hefur mestu áhrifin á uppeldi þá getur reynst áhrifaríkt að nota þær saman þar sem þær fjalla oft um einn ákveðinn áhrifavald á uppeldi. Með því að samþætta kenningarnar er hægt að fá niðurstöður sem snerta fleiri áhrifaþætti í uppeldi en ef ein kenning hefði verið notuð. Með þessu ættu niðurstöður að vera nákvæmari og dýpka þannig skilning á efninu. Hugsanlega mætti því rannsaka frekar þau áhrif sem foreldrar hafa á börn sín í gegnum uppeldi með því að nota kenningar sem fjalla um tengsl, eftirlit, stjórn og umhyggja foreldra. Þar sem umfjöllun um kenningar hér að framan er ekki tæmandi er jafnvel hægt að nota fleiri kenningar sem varða uppeldi til þess að fá nákvæmari niðurstöður í rannsóknum.

Það sem hefði mátt fara betur í þessari ritgerð er að fjalla dýpra um þær kenningar sem teknar voru fyrir hér að framan. Einnig hefði mátt taka fleiri kenningar og skoða til að fá önnur sjónarhorn á viðfangsefnið. Ákveðið var að fjalla ekki um fleiri en fjórar kenningar til þess helstu að hugmyndir þeirra kæmust til skila. Jafnframt væri áhugavert að kanna hvernig uppeldi foreldra hefði áhrif á uppeldi barna þeirra.

Heimildaskrá

- Árni Sigfússon. (1993). *Uppeldi til árangurs*. Almenna bókafélagið.
- Bee, H. (2009). *The developing child*. Boston: Allyn and Bacon.
- Church II, W. T., Wharton, T. og Taylor, J. K. (2009). An examination of differential association and social control theory, family systems and delinquency. *Youth Violence and Juvenile Justice*, 7(1), 3-15.
- Gorman-Smith, D., Tolan, P. H., Loeber, R. og Henry, D. B. (1998). Relation of family problems to patterns of delinquent involvement among urban youth. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 26(5), 319-333.
- Gottfredson, M. R. og Hirschi, T. (1990). *A general theory of crime*. Stanford: Stanford Universiti Press.
- Hay, C. (2001). Parenting, self-control, and delinquency: A test of self-control theory. *Criminology*, 39(3), 707-736.
- Hindelang, M. J. (1973). Causes of Delinquency: A Partial Replication and Extension. *Social Problems*, 20(4), 471-487.
- Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar). (1983). *Uppeldi barna og unglinga. Íslenska sálfræðihandbókin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Lamborn, S. D., Mounts, N. S., Steinberg, L. og Dornbusch, S. M. (1991). Patterns of competence and adjustment among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent, and neglectful families. *Child development*, 62(5), 1049-1065.
- Perrone, D., Sullivan, C. J., Pratt, T. C. og Margaryan, S. (2004). Parental efficacy, self-control, and delinquency: A test of a general theory of crime on a nationally representative sample of youth. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 48(3), 298-312.
- Pratt, T. C. og Cullen, F. T. (2000). The empirical status of Gottfredson and Hirschi's general theory of crime: A meta-analysis. *Criminology*, 38(3), 931-964.
- Sampson, R. J. og Laub, J. H. (1994). Urban poverty and the family context of delinquency: A new look at structure and process in a classic study. *Child Development*, 65(2), 523-540.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir (1983a). Börn ættu að vera vel upp alin! Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Uppeldi barna og unglinga. Íslenska sálfræðihandbókin* (bls. 69-71). Reykjavík: Mál og menning.

- Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir (1983b). Hugmyndir um uppeldi fyrr og nú. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Uppeldi barna og unglunga. Íslenska sálfræðihandbókin* (bls. 72-79). Reykjavík: Mál og menning.
- Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir (1983c). Uppeldisaðferðir. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Uppeldi barna og unglunga. Íslenska sálfræðihandbókin* (bls. 86-89). Reykjavík: Mál og menning.
- Sokol-Katz, J., Dunham, R. og Zimmerman, R. (1997). Family structure versus parental attachment in controlling adolescent deviant behavior: A social control model. *Adolescence*, 32(125), 199-215.
- Svensson, R. (2003) Gender differences in adolescent drug use: The impact of parental monitoring and peer deviance. *Youth & Society*, 34(3), 300-329
- Thio, Alex. (2007). *Deviant Behavior*. Boston: Pearson.
- Wright, B. R. E., Caspi, A., Moffitt, T. E. og Silva, P. A. (1999). Low self-control, social bonds, and crime: Social causation, social selection, or both? *Criminology*, 37(3), 479-514.
- Wright, J. P. og Cullen, F. T. (2001). Parental efficacy and delinquent behavior: Do control and support matter? *Criminology*, 39(3), 677-706.